

105

20. ágúst

4. gr.

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað tvisvar á ári, í fyrsta sinn 15. október 1948, og síðan á hálfis árs fresti, þar til lánið verður endurgreitt. Notarius publicus í Reykjavík framkvæmir útdrátt.

Vinningum skal úthlutað samkvæmt skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

1 vinningur,	75 000	krónur,	=	75 000	krónur.
1 —	40 000	—	=	40 000	—
1 —	15 000	—	=	15 000	—
3 vinningar,	10 000	—	=	30 000	—
5 —	5 000	—	=	25 000	—
15 —	2 000	—	=	30 000	—
25 —	1 000	—	=	25 000	—
130 —	500	—	=	65 000	—
280 —	250	—	=	70 000	—

461 vinningur.

Samtals 375 000 krónur.

5. gr.

Skuldabréfin eru gefin út á handhafa og má ekki skrá þau á nafn.

6. gr.

Vinningar eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum Alþingis um lántökur ríkissjóðs, og bráðabirgðalögum um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi fyrirhugað happdrættislán ríkissjóðs, útgefnum 17. ágúst 1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. ágúst 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

106

30. ágúst

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingar-samvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

32. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Akureyrar, Akureyri. Varnarþing Akureyri. Staðfest 16. október 1947.
33. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Egilsstaðakauptúns, Egilsstöðum. Varnarþing Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu. Staðfest 29. október 1947.

34. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna SÍs, Reykjavík. Varnarþing Reykjavík. Staðfest 29. júní 1948. 106
35. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag verkamanna Akureyri. Varnarþing Akureyri. Staðfest 10. júlí 1948. 30. ágúst

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Mæðrasjóð Norðdælinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. ágúst 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Mæðrasjóð Norðdælinga.

107

31. ágúst

1. gr.

Sjóðurinn heitir Mæðrasjóður Norðdælinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Guðrúnu Þórðardóttur og Ólaf Ólafsson bónda á Dysey, Vigdís Pálsdóttur og Gísli Einarsson prest í Hvammi, Þorhjörgu Sigurðardóttur og Þórð Jónsson hreppstjóra og bónda á Brekku, Herborgu Þórðardóttur og Hákon Jónsson bóndi á Hafþórsstöðum, Sigurborgu Sigurðardóttur og Jóhannes Jónsson bónda í Klettstíu og Guðrúnu Daðadóttur og Guðjón Guðmundsson bónda á Gestsstöðum. Sjóðurinn er stofnaður af börnum og fósturbörnum um fyrrnefndra hjóna með 5 500 — fimm þúsund og fimm hundruð — króna stofnsjóði.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja bágstaddar mæður, sem af einhverjum ástæðum þarfnast hjálpar og samúðar. Þegar eigi er þörf fyrir styrk úr sjóðnum til styrktar bágstöddum mæðrum, má verja fé úr sjóðnum til styrktar bágstaddra barna. Einkum þó til náms eða menningar barna, sem einhverra hluta vegna, annað hvort sálrænna eða líkamlegra, þurfa að njóta sérstaks náms til þess að geta unnið fyrir sér.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn, svo og dánar- og minningargjafir og hvers konar gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast. Sé ekki þörf fyrir úthlutun úr sjóðnum þá leggist allir vextir við höfuðstólinn, en tillit má taka til þess, þegar næst er úthlutað úr sjóðnum og veita þá þeim mun meiri styrk, ef þörf krefur.

5. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.